

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 589/2004, um skipsbúnað,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Breyting vegna nýrra samgöngustofnana.

Hvar sem orðið „Siglingastofnun Íslands“, í hvers konar beygingarfalli, kemur fyrir í reglugerð-inni, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.

2. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein, sem verður 5. málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að setja búnað á markað, sem er tilgreindur sem „nýr búnaður“ í dálki 1 í viðauka A.1 eða sem hefur verið færður úr viðauka A.2 og er framleiddur fyrir 30. nóvember 2013, í samræmi við aðferðir við gerðarsamþykki, sem voru í gildi fyrir þann dag innan EES, og koma honum fyrir um borð í skipi skráðu innan EES til 30. nóvember 2015.

3. gr.

Í stað viðauka A kemur nýr viðauki A sem er hluti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2012/32/ESB frá 25. október 2012 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB um búnað um borð í skipum.

4. gr.

Innleiðing á EES-gerð.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/32/ESB um breytingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB um búnað um borð í skipum, sem vísað er til í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun samteinlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2013¹ frá 8. október 2013, að því er varðar tilskipun 2012/32/ESB, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/32/ESB birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 56, 10. október 2013, bls. 562.

5. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 4. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2003, um eftirlit með skipum og öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 4. mars 2014.

Hanna Birna Kristjánsdóttir.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 20. mars 2014

¹ Ákvörðun nr. 169/2013 bíður birtingar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins.